  - 4.5. *Sterkjulausn*: 5 g af leysanlegri sterkju í 30 ml af vatni er bætt við einn lítra af sjóðandi vatni. Sjóðist í þrjár mínútur; látið kólna og 10 mg af kvikasílfurs-(II)-joði bætt við sem varnarefni gerist þess þörf.
5. **Búnaður**
  - 5.1. *Erlenmeyer-kolba*, 300 ml; nákvæmar mæli- og rennipípur.
  - 5.2. *Vatnsbað*, sjóðandi.
6. **Vinnuaðferð**
  - 6.1. Skammtur af sýninu (í mesta lagi 10 g), sem hefur ekki meira en 30 mg af invertsykri, er veginn í 300 ml kolbu og leystur upp í um það bil 100 ml af vatni.

10 ml af kopar-II-lausninni (4.1) eru fluttir með rennipípu í kolbuna. Innihald kolbunnar er því næst blandað saman og kolban látin í sjóðandi vatnsbað (5.2) í 10 mínútur nákvæmlega.

Borð lausnarinnar í kolbunni á að vera að minnsta kosti 20 mm neðar en vatnsborðið í vatnsbaðinu. Kolban er kæld undir köldu rennandi vatni. Meðan á þessu stendur má ekki haggja við lausninni svo súrefnið í loftinu leysi ekki aftur upp hluta af kopar-I-oxíð-botnfallinu.

5 ml af 5 M ediksýrulausninni (4.2) er bætt við með rennipípu án þess að hrist sé og síðan strax afganginum (milli 20 og 40 ml) af 0,01665 M joðlausninni (4.3) með mælipípu.

Þegar kopar-botnfallið hefur verið leyst upp með hristingi skal títra afgangsjóðið til baka með 0,0333 M natríumbíósúlfatlausninni (4.4) með því að nota sterkjulausnina (4.5) sem efnavísi. Efnavísirinn er notaður undir lok títrunar.
  - 6.2. Núllpróf er gert með vatni. Það skal gera á hverri nýrri kopar-II-lausn (4.1). Núllgildið á ekki að fara yfir 0,1 ml.
  - 6.3. Kaldpróf er gert á sykurlausninni. Hún er látin standa í stofuhita í 10 mínútur með tilliti til hugsanlegra afoxandi efna, eins og t.d. brennisteinsdíoxíðs.
7. **Framsetning niðurstaðna**
  - 7.1. *Formúla og reikniáðferð*

Magn joðlausnar = ml af 0,01665 M joðlausn er bætt var í sem afgangur mínus ml af 0,0333 M natríumbíósúlfatlausn sem notuð er við títrunina.

Magn (í ml) 0,01665 M joðlausnar á að draga frá:

    - 7.1.1. Fjöldi ml sem voru notaðir við núllprófið með vatni (6.2).

- 7.1.2. Fjöldi ml sem voru notaðir við kaldprófið með sykurlausninni (6.3).
- 7.1.3. Gildi 2,0 ml fyrir hver 10 g af súkrósa sem finnast í skammtinum, eða hlutfallslegt magn ef minna en 10 g af súkrósa voru í sýninu (súkrósaleiðrétting).
- Eftir þessar leiðréttingar samsvarar hver ml af joðlausn (4.3) 1 mg af invertsykri.
- Invertsykursinnihald, sem hundraðshluti af sýninu, er sett fram með eftirfarandi formúlu:

$$\frac{V_1}{10 \times m_0}$$

þar sem:

$V_1$  = fjöldi ml af joðlausn (4.3) eftir leiðréttingu,

$m_0$  = massi sýnisins, í grömmum.

7.2. *Endurtekningarhæfni*

Munur á niðurstöðum tveggja ákvarðana sem gerðar eru á sama sýni, samtímis eða án þess að hlé verði á milli, af sama greinanda og við sams konar skilyrði, má ekki vera meiri en 0,02 g á 100 g sýnis.

## AÐFERÐ 5

### ÁKVÖRÐUN AFOXANDI SYKURS SEM INVERTSYKURS

(Knight- og Allen-aðferðin)

1. **Umfang og gildissvið**

Með aðferðinni er unnt að ákvarða afoxandi sykurinnihald sem invertsykur í:

- sykri eða hvítsykri,
- fínhreinsuðum sykri.

2. **Skilgreining**

„Afoxandi sykur sem invertsykur“: Magn afoxandi sykurs eins og það er ákvarðað með þessari aðferð.

3. **Meginregla**

Kopar-II-hvarfefni er bætt í umframmagni í sýnislausnina, afoxað og síðan er óafoxaði skammturinn títraður til baka með EDTA-lausn.

4. **Hvarfefni**

- 4.1. *Etylendíamíntetraedíksýrulausn* (dínatríumsalt) (EDTA), 0,0025 M: 0,930 g af EDTA eru leyst upp í vatni og fyllt upp að eins lítra marki með vatni.
- 4.2. *Múrexíð-efnavísislausn*: 0,25 g af múrexíði eru sett í 50 ml af vatni og blandað saman við 20 ml af 0,2 g/100 ml vatnslausn af metýlenbláu.
- 4.3. *Alkalískt koparhvarfefni*: 25 g af vatnsfirrtu natríumkarbónati og 25 g af kalíumnatríumtartrattetrahydrati eru leyst upp í um það bil 600 ml af vatni með 40 ml af 1,0 M natríumhýdroxíði. 6,0 g af kopar-II-súlfatpentahýdrati ( $\text{CuSO}_4 \cdot 5\text{H}_2\text{O}$ ) eru leyst upp í um það bil 100 ml af vatni, og bætt út í tartratlausnina. Þynnt með vatni upp að einum lítra.

*N.B.*: Lausnin hefur takmarkað geymsluþol (eina viku).

- 4.4. *Staðalinvertsykurlausn:* 23,750 g af hreinum súkrósa (4.5) eru leyst upp í um það bil 120 ml af vatni í 250 ml mælikolbu, 9 ml af saltsýru ( $\rho = 1,16$ ) er bætt við og látið standa í átta daga við stofuhita. Síðan er fyllt upp að 250 ml og kannað hvort vatnsrofi sé lokið með ljósvendi- eða súkrósamæli í 200 mm röri. Niðurstaðan ætti að vera  $-11,80 \pm 0,05^\circ\text{S}$  (sjá aths. 8). 200 ml af lausninni eru fluttir með rennipípu í 2 000 ml mælikolbu. Pynnt með vatni og meðan hrist er (til að komast hjá of háu staðbundnu basastigi) skal bæta við 71,4 ml af natríumhýdroxíðlausn (1 M) sem 4 g af bensósýru hafa verið leyst upp í. Fyllt er upp í 2 000 ml til að fá lausn með 1 g/100 ml af invertsykri. pH-gildi lausnarinnar á að vera sem næst 3.

Þessa stöðugu, samþjöppuðu lausn á ekki að þynna fyrr en rétt fyrir notkun.

- 4.5. *Hreinn súkrósi:* Sýni af hreinum súkrósa þar sem invertsykursinnihaldið er ekki meira en 0,001 g/100 g.

## 5. **Búnaður**

- 5.1. *Tilraunaglös,* 150 sinnum 20 mm.

- 5.2. *Hvít postulínsskál.*

- 5.3. *Fínvog,* með 0,1 mg nákvæmni.

## 6. **Vinnuaðferð**

- 6.1. 5 g af sykursýni eru leyst upp í 5 ml af köldu vatni í tilraunaglas (5.1). 2,0 ml af koparhvarfefni (4.3) er bætt út í og blandað saman. Glasinu er dýft í sjóðandi vatn í fimm mínútur og síðan kælt í köldu vatni.

- 6.2. Lausnin í tilraunaglasinu er flutt magnbundið í hvítu postulínsskálina (5.2) og notað eins lítið vatn og hægt er, þremur efnavísisdropum bætt við (4.2) og títrað með EDTA-lausn (4.1).  $V_0$  er fjöldi ml af EDTA sem eru notaðir við títrunina.

Rétt í lokin breytist litur lausnarinnar úr grænu yfir í grátt og síðan í rauðfjólublátt þegar lokum er náð. Rauðfjólublái liturinn hverfur smám saman vegna oxunar kopar-I-oxíðs í kopar-II-oxíð og ræðst hraðinn af styrk afoxaðs kopars í lausninni. Af þessum sökum ætti títrunin að ganga nokkuð hratt.

- 6.3. Kvörðunarferill er búinn til með því bæta þekktu magni af invertsykri (hæfilega þynnt lausn 4.4) við 5 g af hreinum súkrósa (4.5) og nægilega miklu köldu vatni, svo í allt sé bætt við 5 ml af lausn. Títrunargildin (í ml) eru sett inn á móti prósentuhlutfalli invertsykurs sem bætt er við 5 g af súkrósa: Niðurstaðan er bein lína fyrir 0,001 til 0,019 g/100 g af invertsykri í sýni.

## 7. **Framsetning niðurstaðna**

- 7.1. *Reikniðferð*

Af kvörðunarferlinum er lesið prósentuhlutfall invertsykurs sem samsvarar ákvörðuðu gildi á  $V_0$  ml EDTA við greiningu sýnisins.

- 7.2. Ef invertsykurstyrkur í sýninu sem á að greina er meiri en 0,017 g/100 g verður sýni sem tekið er samkvæmt aðferð (6.1) að minnka til samræmis; greiningarsýnið verður þó að auka í 5 g með hreinum súkrósa (4.5).

- 7.3. *Endurtekningarrhæfni*

Munur á niðurstöðum tveggja ákvarðana sem gerðar eru á sama sýni, samtímis eða án þess að hlé verði á milli, af sama greinanda og við sams konar skilyrði, má ekki vera meiri en 0,005 g á 100 g sýnis.

## 8. **Athugasemd**

Deilt er með 2,889 til að umreikna  $^\circ\text{S}$  í bogagráður ljósvendimælis (200 mm rör; ljósgjafi natríumgufulampi; tekið verður að setja upp í herbergi þar sem hægt er halda hitanum nálægt  $20^\circ\text{C}$ ).

**AÐFERÐ 6****ÁKVÖRÐUN AFOXANDI SYKURS SEM INVERTSYKURS, D-GLÚKÓSA EÐA DEXTRÓSA-JAFNGILDIS**

(Luff-Schoorl-aðferðin)

**1. Umfang og gildissvið**

Með aðferðinni er unnt að ákvarða:

**1.1. Innihald afoxandi sykurs sem invertsykurs í:**

- sykurlausn,
- hvítsykurlausn,
- invertsykurlausn,
- lausn af hvítum invertsykri,
- invertsírópi,
- hvítu invertsírópi.

**1.2. Innihald afoxandi sykurs, sett fram og reiknað (samkvæmt þurrefni) sem jafngildi dextrósa í:**

- glúkósasírópi,
- þurrkuðu glúkósasírópi.

**1.3. Innihald afoxandi sykurs sem D-glúkósa í:**

- einvötnuðum dextrósa,
- vatnsfirrtum dextrósa.

**2. Skilgreining**

„Afoxandi sykur sem invertsykur, D-glúkósi eða dextrósa-jafngildi“: Innihald afoxandi sykurs sett fram eða reiknað sem invertsykur, D-glúkósi eða dextrósa-jafngildi eins og það er ákvarðað með tilgreindri aðferð.

**3. Meginregla**

Afoxandi sykur í sýninu (sýni gert tært ef nauðsyn krefur) er hitaður að suðumarki við venjuleg skilyrði með kopar-II-lausn sem er að hluta til afoxuð í kopar-I. Umframmagnið af kopar-II er síðan ákvarðað með jöðaðferð.

**4. Hvarfefni**

- 4.1. *Carrez-lausn I:* 21,95 g af zinkasetatdihýdrati ( $Zn(CH_3COO)_2 \cdot 2H_2O$ ) eða 24 g af zinkasetattrihýdrati ( $Zn(CH_3COO)_2 \cdot 3H_2O$ ) og 3 ml af ísediki eru leyst upp í vatni og fyllt upp í 100 ml með vatni.
- 4.2. *Carrez-lausn II:* 10,6 g af kalíumhexasýanferrati-II-trihýdrati  $K_4[Fe(CN)_6] \cdot 3H_2O$  eru leyst upp í vatni og fyllt upp í 100 ml með vatni.
- 4.3. *Luff-Schoorl-hvarfefni:* Eftirtaldir lausnir skal búa til:
  - 4.3.1. Kopar-II-súlfatlausn: 25 g af járnfríu kopar-II-súlfatpentahýdrati ( $CuSO_4 \cdot 5H_2O$ ) eru leyst upp í 100 ml af vatni.
  - 4.3.2. Sítrónusýrulausn: 50 g af sítrónusýrumónóhýdrati ( $C_6H_8O_7 \cdot H_2O$ ) eru leyst upp í 50 ml vatni.
  - 4.3.3. Natríumkarbónatlausn: 143,8 g af vatnsfirrtu natríumkarbónati eru leyst upp í um það bil 300 ml af heitu vatni og látið kólna.
  - 4.3.4. Sítrónusýrulausninni (4.3.2) er bætt varlega við natríumkarbónatlausnina (4.3.3) í eins lítra mælikolbu. Hristist þangað til gasmyndun er hætt; síðan er kopar-II-súlfatlausninni (4.3.1) bætt við og fyllt upp í 1 000 ml með vatni. Lausnin er látin standa yfir nótt og síuð ef nauðsyn krefur. Styrkleiki hvarfefnisins sem þannig fæst er kannaður samkvæmt aðferðinni í 6.1 (Cu 0, 1 M;  $Na_2CO_3$  1 M).

- 4.4. *Natríumþíósúlfatlaun*, 0,1 M.
- 4.5. *Sterkjulaun*: 5 g blöndu af leysanlegri sterkju í 30 ml af vatni skal bætt við einn lítra af sjóðandi vatni. Sjóðist í þrjár mínútur, látið kólna og síðan bætt við, ef þörf krefur, 10 mg af kvikasilfri sem varnarefni.
- 4.6. *Brennisteinssýra*, 3 M.
- 4.7. *Kalíumjodlaun*, 30 % (m/v).
- 4.8. *Suðusteinar*, soðnir í saltsýru, sýruhreinsaðir með vatni og þurrkaðir.
- 4.9. *Ísópentanól*.
- 4.10. *Natríumhýdroxíð*, 0,1 M.
- 4.11. *Saltsýra*, 0,1 M.
- 4.12. *Fenólftalínlaun*, 1 % (m/v) í etanóli.

## 5. **Búnaður**

- 5.1. *Erlenmeyer-kolba*, 300 ml, með eimsvala.
- 5.2. *Skeiðklukka*.

## 6. **Vinnuaðferð**

- 6.1. *Stöðlun Luff-Schoorl-hvarfefnis* (4.3)
  - 6.1.1. 3 g af kalíumjodí og 25 ml af 3 M brennisteinssýru (4.6) er bætt við 25 ml af Luff-Schoorl-hvarfefninu (4.3). Títtrað með 0,1 M natríumþíósúlfatlaun (4.4) með sterkjulaun (4.5) sem efnavísi sem er bætt við í lok títrunar. Ef notað magn af 0,1 M natríumþíósúlfatlausninni er ekki 25 ml verður að búa til nýtt hvarfefni.
  - 6.1.2. 10 ml af hvarfefninu eru fluttir með rennipípu í 100 ml mælikolbu og fyllt upp með vatni. 10 ml af þynntu hvarfefninu eru fluttir með rennipípu í 25 ml af 0,1 M saltsýru (4.11) í Erlenmeyer-kolbu og þetta hitað í eina klukkustund í sjóðandi vatnsbaði. Látið kólna og fyllt upp í upprunalegt magn með nýsoðnu vatni og síðan títrað með 0,1 M natríumhýdroxíði (4.10) með fenólftalínslausn (4.12) sem efnavísi. Magnið af notuðu 0,1 M natríumhýdroxíði (4.10) verður að vera á bilinu 5,5 og 6,5 ml.
  - 6.1.3. Títtraðir eru 10 ml af þynntu hvarfefninu (6.1.2) með 0,1 M saltsýru (4.11) og fenólftalínslausn (4.12) höfð sem efnavísir. Í lokin hverfur fjólublái liturinn. Magn 0,1 M saltsýrunnar (4.11) á að vera á bilinu 6,0 til 7,5 ml.
  - 6.1.4. pH-gildi Luff-Schoorl-hvarfefnisins á að vera á bilinu 9,3 til 9,4 við 20 °C.
- 6.2. *Lausnin útbúin*
  - 6.2.1. 5 g af sýninu eru vegin með 1 mg nákvæmni og flutt magnbundið í 250 ml mælikolbu, með 200 ml af vatni. Til að gera lausnina tæra er, ef nauðsynlegt þykir, bætt við 5 ml af Carrez-laun I (4.1) og 5 ml af Carrez-laun II (4.2). Blandist síðan saman. Fyllt upp að 250 ml með vatni. Blandist vel. Síust ef nauðsyn ber til.
  - 6.2.2. Lausnin (6.2.1) er þynnt þannig að 25 ml lausnarinnar innihaldi ekki minna en 15 mg og ekki meira en 60 mg af afoxandi sykri sem glúkósa.
- 6.3. *Títrun með Luff-Schoorl-aðferðinni*

25 ml af Luff-Schoorl-hvarfefninu (4.3) eru fluttir með rennipípu í 300 ml Erlenmeyer-kolbu (5.1). 25 ml af sykurlausninni (6.2.2) eru fluttir með rennipípu í Erlenmeyer-kolbuna og tveimur suðusteinum (4.8) bætt við. Erlenmeyer-kolban (5.1), með eimsvala, er sett strax á vírnet með asbestskífu með gati sem er að þvermáli eins og botn kolbunnar. Vökvinn er hitaður að suðu í um það bil tvær mínútur og látinn malla rólega í nákvæmlega í 10 mínútur. Hann er síðan strax látinn kólna í köldu vatni og títraður eftir fimm mínútur eins og hér segir:

10 ml af kalíumjodlaun (4.7) er bætt við og síðan strax gætilega (vegna froðumyndunar) 25 ml af 3 M brennisteinssýru (4.6). Títtrað með 0,1 M natríumþíósúlfatlaun (4.4) uns lausnin er orðinn nær litlaus og þá bætt við fáeinum ml af sterkjulaun (4.5) sem efnavísi og títrun haldið áfram þar til blái liturinn er horfinn. Núllpróf er framkvæmt með 25 ml af vatni í staðinn fyrir 25 ml af sykurlausninni (6.2.2).

7. **Framsetning niðurstaðna**7.1. *Formúla og reikniaðferð*

Af töflunni hér að neðan má finna (með innreikningi ef með þarf) magn glúkósa eða invertsykurs í mg er samsvarar mismuninum milli títrananna tveggja í ml af 0,1 M natríumbíósúlfatslausn.

Niðurstöðurnar eru settar fram sem hundraðshluti (m/m) invertsykurs eða D-glúkósa af þurrefni.

7.2. *Endurtekningarrhæfni*

Munur á niðurstöðum tveggja títrana sem gerðar eru á sama sýni, samtímis eða án þess að hlé verði á milli, af sama greinanda og við sams konar skilyrði, má ekki vera meiri en 0,2 ml.

8. **Athugasemd**

Bæta má við smáræði af ísópentanóli (4.9) áður en sýrt er með brennisteinssýru til að minnka froðumyndun.

**Tafla fyrir Luff-Schoorl-hvarfefnið**

Na <sub>2</sub> S <sub>2</sub> O <sub>3</sub> 0,1 M	Glúkósi, frúktósi, invertsykur C <sub>6</sub> H <sub>12</sub> O <sub>6</sub>	
ml	mg	mismunur
1	2,4	
2	4,8	2,4
3	7,2	2,4
4	9,7	2,5
5	12,2	2,5
6	14,7	2,5
7	17,2	2,5
8	19,8	2,6
9	22,4	2,6
10	25,0	2,6
11	27,6	2,6
12	30,3	2,7
13	33,0	2,7
14	35,7	2,7
15	38,5	2,8
16	41,3	2,8
17	44,2	2,9
18	47,1	2,9
19	50,0	2,9
20	53,0	3,0
21	56,0	3,0
22	59,1	3,1
23	62,2	3,1

**AÐFERÐ 7****ÁKVÖRÐUN AFOXANDI SYKURS SEM INVERTSYKURS**

(Lane-Eynon-aðferð – breyting með föstum skammti)

1. **Umfang og gildissvið**

Með aðferðinni er unnt að ákvarða afoxandi sykur sem invertsykur í:

- sykurlausn,
- hvítsykurlausn,
- invertsykurlausn,
- lausn af hvítum invertsykri,
- invertsrópi,
- hvítu invertsrópi.

2. **Skilgreining**  
„Afoxandi sykur sem invertysukur“: Magn afoxandi sykurs eins og það er ákvarðað með þessari aðferð.
3. **Meginregla**  
Sýnislausnin er títruð við suðumark á móti tilgreindum skammti af Fehlingslausn, með metýlenblátt sem efnavísi.
4. **Hvarfefni**
  - 4.1. *Fehlingslausn:*
    - 4.1.1. Lausn A:  
69,3 g af kopar-(II)-súlfatpentahýdrati ( $\text{CuSO}_4 \cdot 5\text{H}_2\text{O}$ ) eru leyst upp í vatni og fyllt upp að 1 000 ml marki.
    - 4.1.2. Lausn B:  
346,0 g af tvöföldu kalíumnatríumtartrattetrahydrati ( $\text{KNaC}_4\text{H}_4\text{O}_6 \cdot 4\text{H}_2\text{O}$ ) og 100,0 g af natríumhýdroxíði eru leyst upp í vatni og fyllt upp að 1 000 ml marki. Hella á tæru lausninni af setinu sem kann að myndast.  
*Aths.:*  
Þessar lausnir tvær á að geyma í brúnum eða gulbrúnum flöskum.
  - 4.2. *Natríumhýdroxíðlausn, 1 M.*
  - 4.3. *Staðalinvertysukurlausn:* 23,750 g af hreinum súkrósa eru leyst upp í um það bil 120 ml af vatni í 250 ml mælikolbu, 9 ml af saltsýru ( $\rho = 1,16$ ) er bætt við og látið standa í átta daga við stofuhita. Síðan er fyllt upp í 250 ml og kannað hvort vatnsrofi sé lokið með ljósvendi- eða súkrósamæli í 200 mm röri. Niðurstaðan ætti að vera  $-11,80 \pm 0,05^\circ\text{S}$  (sjá aths. 8). 200 ml af lausninni eru fluttir með rennipípu í 2 000 ml mælikolbu. Þynnist með vatni og meðan hrist er (til að komast hjá of háu staðbundnu basastigi) skal bæta við 71,4 ml af natríumhýdroxíðlausn (1 M) (4.2) sem 4 g af bensósýru hafa verið leyst upp í. Fyllt er upp í 2 000 ml til að fá lausn með 1 g/100 ml af invertysykri. pH-gildi lausnarinnar á að vera sem næst 3.  
Þessa stöðugu, samþjöppuðu lausn á ekki að þynna fyrr en rétt fyrir notkun.  
Til að útbúa 0,25 g/100 ml invertysukurlausn skal fylla 250 ml mælikolbu að marki með 1 g/100 ml invert-lausninni við  $20^\circ\text{C}$ . Innihald kolbunnar er sett í 1 000 ml mælikolbu og þynnt að marki með vatni, aftur við  $20^\circ\text{C}$ .
  - 4.4. *Metýlenblá lausn, 1 g/100 ml.*
5. **Búnaður**
  - 5.1. *500 ml suðukolbur með mjóum hálsi.*
  - 5.2. *Mælípípa, 50 ml, með hliðarkrana og 0,05 ml kvarða.*
  - 5.3. *Rennipípur, 20, 25 og 50 ml.*
  - 5.4. *Mælikolbur, 250, 1 000 og 2 000 ml.*
  - 5.5. *Hitunartæki til að halda suðunni við þau skilyrði sem lýst er í 6.1 og þar sem hægt er að fylgjast með lokum títrunar án þess þurfi að fjarlægja suðukolbuna (5.1) af hitagjafanum (sjá 6.1, aths. 3).*
  - 5.6. *Skeiðklukka sem sýnir að minnsta kosti sekúndur.*
6. **Vinnuaðferð**
  - 6.1. *Stöðlum Fehlingslausnarinnar*
    - 6.1.1. 50 ml af lausn B (4.1.2) og síðan 50 ml af lausn A (4.1.1) eru fluttir með rennipípu í hreint og þurrt bikarglas og blandað vel.
    - 6.1.2. Mælípípan er skoluð og fyllt með 0,25% (0,25 g/100 ml) staðalinvertysukurlausninni (4.3).
    - 6.1.3. 20 ml af blöndu lausna A og B (6.1.1) eru fluttir með rennipípu í 500 ml suðukolbu (5.1). 15 ml af vatni er hellt í kolbuna. 39 ml af invertysukurlausninni í mælípípunni er síðan bætt út í kolbuna og fáeinum suðusteinum og innihaldinu blandað saman með því að hrista kolbuna gætilega.
    - 6.1.4. Suða er látin koma upp í kolbunni og innihaldið soðið í tvær mínútur nákvæmlega; ekki má taka kolbuna af hitagjafanum það sem eftir er meðferðarinnar né láta suðuna detta niður.  
Þremur til fjórum dropum af metýlenbláu lausninni (4.4) er bætt út í eftir tveggja mínútna suðu: lausnin á nú að vera með hreinum bláum lit.

- 6.1.5. Stöðluninni er haldið áfram með því að bæta við smáskömmtum af staðalinvertsykurlausninni úr mælipípunni, fyrst 0,2 ml, síðan 0,1 ml og loks einstökum dropum uns takmarkinu er náð, þ.e. þegar blái liturinn frá metýlenbláu er horfinn. Lausnin á þá að vera orðin rauðleit eins og kopar-(I)-oxíðsviflausn.
- 6.1.6. Takmarkið ætti að nást þremur mínútum eftir að lausnin fer að sjóða. Lokatítrunin  $V_0$  á að vera á bilinu 39,0 til 41,0 ml. Ef  $V_0$  er utan þessara marka verður að leiðrétta koparstyrk Fehlingslausnar A (4.1.1) og endurtaka stöðlunina.
- 6.2. *Undirbúningur sýnislusna*  
Styrkur próflausnarinnar á að vera á bilinu 250 til 400 mg invertsykurs í hverjum 100 ml.
- 6.3. *Forpróf*
- 6.3.1. Forpróf verður að fara fram til að tryggja að vatnsmagnið sem bæta skal við 20 ml blöndu af lausnum A og B sé nægjanlegt til að fá að lokum 75 ml eftir títrun.  
Aðferðin er sú sama og lýst er í 6.1.4 nema að nú er notuð sýnislusn en ekki staðalinvertsykurlausn, þ.e. 25 ml af sýnislusninni eru látnir renna úr mælipípunni yfir í kolbuna. 15 ml af vatni er bætt við og lausnin látin sjóða í tvær mínútur og síðan títrað uns lokum er náð eins og lýst er í 6.1.5.
- 6.3.2. Ef liturinn er enn rauður eftir að metýlenbláu lausninni hefur verið bætt út í er sýnislusnin of sterk. Þá skal prófinu hætt og það endurtekið með vægari lausn.  
Ef meira en 50 ml af sýnislusn þarf til að fá rauðan lit verður að nota sterkari sýnislusn.  
Vatnsmagnið er reiknað út með því að draga magn blönduðu Fehlingslausnarinnar (20 ml) og sýnislusnarinnar frá 75 ml.
- 6.4. *Lokagreining sýnislusnar*
- 6.4.1. 20 ml af blandaðri Fehlingslausn eru fluttir með rennipípu í suðukolbuna og vatnsmagnið ákvarðað samkvæmt 6.3.
- 6.4.2. Úr mælipípunni er bætt við hæfilegu títrunarmagni af sýnislusn (samkvæmt 6.3), mínus 1 ml. Bætt er út í fáeinum suðusteinum, innihaldinu blandað saman með því að hrista kolbuna, suða látin koma upp og títrað eins og áður (6.3). Lokin ættu að nást einni mínútu eftir að metýlenbláu lausninni er bætt við. Lokatítrun =  $V_1$ .

## 7. Framsetning niðurstaðna

### 7.1. Formúla og reikniáðferð

Magn afoxandi sykurs í sýninu, sem invertsykurs, er reiknað með eftirfarandi formúlu:

Hundraðshluti afoxandi sykurs (sem invertsykurs) =

$$\frac{V_0 \times 25 \times f}{C \times V_1}$$

þar sem:

$C$  = styrkur próflausnar í grömmum í hverjum 100 ml,

$V_0$  = magn staðalinvertlausnarinnar, í millílítrum, sem er notuð við stöðlunina,

$V_1$  = magn próflausnarinnar, í millílítrum, sem er notuð við greininguna í 6.4.2,

$f$  = leiðréttingarþáttur til að taka tillit til súkrósastyrks í próflusninni. Gildi sjást í töflunni hér að aftan:

Súkrósi (g í sjóðandi blöndu)	Leiðréttingarþáttur f
0	1,000
0,5	0,982
1,0	0,971
1,5	0,962
2,0	0,954
2,5	0,946
3,0	0,939
3,5	0,932
4,0	0,926
4,5	0,920
5,0	0,915
5,5	0,910
6,0	0,904
6,5	0,898
7,0	0,893
7,5	0,888
8,0	0,883
8,5	0,878
9,0	0,874
9,5	0,869
10,0	0,864

Leiðréttingar fyrir önnur súkrósagildi prófsýnis en tilgreind eru í töflunni má finna út úr henni með innreikningi.

*Aths.:*

Súkrósastyrk má finna nokkurn veginn með því að draga styrk uppleystra fastra efna invertsýkurs (í þessum reikningi er  $f = 1,0$ ) frá styrk allra uppleystra fastra efna – sett fram sem súkrósi –, fundnum út frá brotstuðli lausnarinnar með aðferð 3.

7.2. *Endurtekingarhæfni*

Munur á niðurstöðum tveggja ákvarðana sem eru gerðar á sama sýni, samtímis eða án þess að hlé verði á milli, af sama greinanda og við sams konar skilyrði, má ekki vera meiri en 1,0% af hreinu meðaltali.

8. **Athugasemd**

Deilt er með 2,889 til að umreikna °S í bogagráður ljósvendimælis (200 mm rör; ljósgjafi natríumgufulampi; tekið verður að setja upp í herbergi þar sem hægt er halda hitanum nálægt 20 °C).

**AÐFERÐ 8**

**ÁKVÖRÐUN DEXTRÓSA-JAFNGILDIS**

Lane og Eynon-fasti

1. **Umfang og gildissvið**

Með þessari aðferð má ákvarða jafngildi dextrósa í:

- glúkósasírópi,
- þurrkuðu glúkósasírópi,
- einvötnuðum dextrósa,
- vatnsfirtum dextrósa.

2. **Skilgreiningar**

- 2.1. „Afoxunargeta“: Magn afoxandi sykurs, ákvarðað með tilgreindri aðferð, sett fram sem vatnsfirtur dextrósi (D-glúkósi) og reiknað sem hundraðshluti af massa sýnisins.
- 2.2. „Dextrósa-jafngildi“: Afoxunargeta, reiknuð sem hundraðshluti af massa þurrefnis í sýninu.

### 3. Meginregla

Próflausnin er títruð við suðumark á móti tilteknu magni af blandaðri Fehlingslausn, við fastákveðnar aðstæður, og metýlenblátt notað sem efnavísir.

### 4. Hvarfefni

#### 4.1. Fehlingslausn:

##### 4.1.1. Lausn A:

69,3 g af kopar-(II)-súlfatpentahýdrati ( $\text{CuSO}_4 \cdot 5\text{H}_2\text{O}$ ) eru leyst upp í vatni og fyllt upp að 1 000 ml marki í mælikolbu.

##### 4.1.2. Lausn B:

346,0 g af kalíumnatríumtartrattetrahydrati ( $\text{KNaC}_4\text{H}_4\text{O}_6 \cdot 4\text{H}_2\text{O}$ ) og 100 g af natríumhýdroxíði eru leyst upp í vatni og fyllt upp að 1 000 ml marki í mælikolbu. Hella á tæru lausninni af setinu sem kann að myndast.

*Aths.:*

Þessar lausnir tvær (4.1.1. og 4.1.2.) á að geyma í brúnum eða gulbrúnum flöskum.

##### 4.1.3. Undirbúningur blandaðrar Fehlingslausnar

50 ml af lausn B (4.1.2) og síðan 50 ml af lausn A (4.1.1) eru fluttir með rennipípu í hreint og þurrt bikarglas og blandað vel saman.

*Aths.:*

Blandaða Fehlingslausn á ekki að geyma heldur laga nýja á hverjum degi og staðla (6.1).

#### 4.2. Vatnsfirrtur dextrósi (*D*-glúkósi) ( $\text{C}_6\text{H}_{12}\text{O}_6$ )

Fyrir notkun á að þurrka þetta efni í fjóra tíma í lofttæmdum skáp við minnst  $100 \pm 1^\circ\text{C}$  og við innri þrýsting nálægt 10 kPa (103 mbör).

#### 4.3. Staðaldextrósalusn, 0,600 g/100 ml

0,6 g af vatnsfirrtum dextrósa (4.2) eru vegin með 0,1 mg nákvæmni, leyst upp í vatni og lausnin flutt magnbundið í 100 ml mælikolbu (5.4), fyllt upp að marki og blandað saman.

Þessa lausn á að laga daginn sem hún er notuð.

#### 4.4. Metýlenblá lausn, 0,1 g/100 ml

0,1 g af metýlenbláu er leyst upp í 100 ml af vatni.

### 5. Búnaður

5.1. Suðukolbur með mjóum hálsi, 250 ml.

5.2. Mælipípa, 50 ml, með hliðarkrana og 0,05 ml kvarða.

5.3. Rennipípur, 25 og 50 ml.

5.4. Mælikolbur, 100 og 500 ml.

5.5. Hitunartæki til að halda suðunni við þau skilyrði sem lýst er í 6.1 og þar sem hægt er að fylgjast með lokum litabreytingarinnar án þess að fjarlægja þurfi suðukolbuna (5.1) af hitagjafanum (sjá 6.1, aths. 3).

5.6. Skeiðklukka sem sýnir að minnsta kosti sekúndur.

### 6. Vinnuaðferð

#### 6.1. Stöðlun Fehlingslausnarinnar

6.1.1. 25 ml af Fehlingslausn (4.1.3) eru fluttir með rennipípu í hreina og þurra suðukolbu (5.1).

6.1.2. Mælipípan (5.2) er fyllt með staðaldextrósalusn (4.3) og yfirborðið látið nema við núll-markið.

6.1.3. 18 ml af staðaldextrósalusninni (4.3) í mælipípunni eru settir í suðukolbuna (5.1). Kolban er hrist til að blanda innihaldinu saman.

6.1.4. Suðukolban er sett á hitatækið (5.5), sem stillt hefur verið á suðu innan  $120 \pm 15$  sekúndna.

EKKI MÁ BREYTA STILLINGU HITATÆKISINS FYRR EN ÚTRUN LÝKUR (sjá aths. 1).

6.1.5. Þegar lausnin tekur að sjóða er skeiðklukkan sett á stað, frá núlli.

- 6.1.6. Innihald kolbunnar er soðið í 120 sekúndur og tíminn mældur með skeiðklukkunni. 1 ml af metýlenbláu lausninni (4.4) er bætt út í lok tímans.
- 6.1.7. Eftir suðu í 120 sekúndur (samkvæmt skeiðklukkunni) er staðaldextrósalaun úr mælipípunni (6.1.2) bætt út í suðukolbuna (5.1), 0,5 ml í senn uns metýlenblái liturinn er horfinn (sjá aths. 2 og 3).  
Skrá skal heildarmagn staðaldextrósalaunar sem bætt er út í fram að næstsíðasta 0,5 ml skammtinum, að honum meðtöldum (X ml).
- 6.1.8. Endurtaka skal 6.1.1 og 6.1.2.
- 6.1.9. Staðaldextrósalaun úr mælipípunni sem jafngildir ( $X - 0,3$ ) ml er sett í suðukolbuna (5.1).
- 6.1.10. Endurtaka skal 6.1.4, 6.1.5 og 6.1.6.
- 6.1.11. Eftir suðu í 120 sekúndur (samkvæmt skeiðklukkunni) er staðaldextrósalaun úr mælipípunni bætt út í suðukolbuna (5.1), fyrst í 0,2 ml skömmtum og loks dropatali uns liturinn af metýlenbláu hverfur.  
Undir lokin eiga 10 til 15 sekúndur að líða milli skammta af staðaldextrósalauninni.  
Skömmtuninni skal lokið innan 60 sekúndna þannig að heildarsuðutími verði ekki lengri en 180 sekúndur.  
Til að ná þessu kann þriðja títrunin að vera nauðsynleg með heldur stærri upphafsskammti af staðaldextrósalaun (6.1.9) en áður.
- 6.1.12. Skrá skal magn ( $V_0$  ml) staðaldextrósalaunar sem notað er til loka síðustu títrunar (sjá aths. 4).
- 6.1.13.  $V_0$  á að vera á bilinu 19,0 til 21,0 ml staðaldextrósalaunar (4.3).  
Ef  $V_0$  er utan þessara marka verður að leiðrétta styrk Fehlingslaunar A (4.1.1) til samræmis og endurtaka stöðlunina.
- 6.1.14. Þar sem  $V_0$  er vitað nákvæmlega er við daglega stöðlun blönduðu Fehlingslaunarinnar einungis þörf á einni títrun, með upphafsskammtinum ( $V_0 - 0,5$ ) ml af staðaldextrósalaun.  
*Aths. 1:*  
Þetta tryggir að þegar suðan er komin upp myndast mikil gufa allan tímann meðan títrunin stendur; þannig er best komið í veg fyrir að loft komist í títrunarkolbuna og enduroxun í innihaldið.  
*Aths. 2:*  
Best er að fylgjast með hvarfi litarins af metýlenbláu í efri lögum og yfirborði innihalds títrunarkolbunnar, því þar gætir síður áhrifa frá útfellingum rauða kopar-(I)-oxíðsins. Litahvarfið sést best ef notuð er óbein lýsing. Gott er að setja hvítan skerm bak við títrunarkolbuna.  
*Aths. 3:*  
Við ákvörðunina þarf að einangra mælipípuna sem best frá hitagjafanum.  
*Aths. 4:*  
Einstaklingsbundinna áhrifa gætir alltaf og því ætti hver greinandi að framkvæma sína eigin stöðlun og nota sitt eigið  $V_0$ -gildi við útreikningana (7.1).
- 6.2. *Forskoðun sýnis*
- 6.2.1. Ef afoxunargeta (2.1) sýnisins er ekki alveg þekkt er nauðsynlegt að hafa forskoðun til að finna gildi hennar hér um bil svo hægt sé að reikna út massa prófskammtsins (6.3).  
Skoðunin fer þannig fram:
- 6.2.2. Löguð er Z% m/v laun af sýninu, þar sem „Z“ hefur áætlað gildi.
- 6.2.3. Eins og 6.1.2, með sýnislausn (6.2.2) í staðinn fyrir staðaldextrósalaun.
- 6.2.4. Eins og 6.1.1.
- 6.2.5. Eins og 6.1.3, með 10,0 ml sýnislausnar í stað 18,0 ml staðaldextrósalaunar.
- 6.2.6. Eins og 6.1.4.
- 6.2.7. Innihald kolbunnar er hitað þar til það sýður. 1 ml af metýlenblárrí laun (4.4) er bætt út í.

- 6.2.8. Um leið og byrjar að sjóða er skeiðklukkan (5.6) sett á stað, frá núlli, og sýnislausn úr mælípípunni bætt út í kolbuna í 1,0 ml skömmtum á um 10 sekúndna fresti uns blái liturinn frá metýlenbláu lausninni er horfinn. Skrá skal heildarmagn sýnislausnar sem bætt er út í fram að næstsíðasta skammtinum, að honum meðtöldum (Y ml).
- 6.2.9. „Y“ má ekki fara yfir 50 ml. Ef svo er verður að styrkja sýnislausnina og endurtaka títrunina.
- 6.2.10. Nálgun á afoxunargetu sýnisins, sem hlutfall af massa, er fengin þannig:

$$\frac{60 \times V_0}{Y \times Z}$$

- 6.3. *Prófskammtur*  
Með 0,1 mg nákvæmni er vegið magn af sýninu (mg) með 2,85 til 3,15 g af afoxandi sykri, sem er settur fram sem vatnsfirttur dextrósi (D-glúkósi), og við útreikninginn er annaðhvort notað þekkt gildið fyrir afoxunargetu (2.1) eða gildið sem fékkst samkvæmt 6.2.10.
- 6.4. *Próflausn*  
Próflausnin er leyst upp í vatni og fyllt upp að 500 ml marki í mælikolbu.
- 6.5. *Ákvörðun*
- 6.5.1. Eins og 6.1.1.
- 6.5.2. Mælípípan (5.2) er fyllt með próflausn (6.4) og yfirborðið látið nema við núll-markið.
- 6.5.3. Í suðukolbuna eru settir 18,5 ml af próflausn úr mælípípunni. Kolban er hrist til að blanda innihaldinu saman.
- 6.5.4. Eins og 6.1.4.
- 6.5.5. Eins og 6.1.5.
- 6.5.6. Eins og 6.1.6.
- 6.5.7. Eins og 6.1.7, með próflausn en ekki staðaldextrósalausn.
- 6.5.8. Eins og 6.1.8.
- 6.5.9. Eins og 6.1.9, með próflausn en ekki staðaldextrósalausn.
- 6.5.10. Eins og 6.1.10.
- 6.5.11. Eins og 6.1.11, með próflausn en ekki staðaldextrósalausn.
- 6.5.12. Skrá skal magn ( $V_1$ ) próflausnar sem notað er til loka síðustu títrunar.
- 6.5.13.  $V_1$  á að vera á bilinu 19,0 til 21,0 ml próflausnar.  
Ef  $V_1$  er utan þessara marka verður að leiðrétta styrk próflausnar til samræmis og endurtaka 6.5.1 til 6.5.12.
- 6.5.14. Ákvarðanirnar tvær skulu gerðar á sömu próflausn.
- 6.6. *Purrefnisinnihald*  
Purrefnisinnihald sýnisins er ákvarðað samkvæmt aðferð 2.

## 7. Framsetning niðurstaðna

### 7.1. Formúlur og reikniáferð

#### 7.1.1. Afoxunargeta

Afoxunargetan, reiknuð sem hundraðshluti af massa sýnisins, er sett fram sem:

$$\frac{300 \times V_0}{V_1 \times M}$$

þar sem:

$V_0$  = magn, í ml, staðaldextrósalausnarinnar (4.3) sem var notuð við stöðlunina (6.1),

$V_1$  = magn, í ml, próflausnarinnar (6.4) sem var notuð við ákvörðunina (6.5),

M = massi, í grömmum, prófskammtsins (6.3) sem var notaður til að fá 500 ml próflausn.

- 7.1.2. Dextrósa-jafngildi  
Dextrósa-jafngildið, reiknað sem hundradshluti af massa þurrefnis í sýninu, er sett fram sem:

$$\frac{AG \times 100}{P}$$

þar sem:

AG = afoxunargetan, reiknuð sem hundradshluti af massa sýnisins (7.1.1),

P = þurrefnisinnihald sýnisins sem hundradshluti af massa.

- 7.1.3. Niðurstöðurnar skulu vera hreint meðaltal minnst tveggja ákvarðana sem fullnægja skilyrðum um endurtekningu (7.2).

7.2. *Endurtekningarhæfni*

Munur á niðurstöðum tveggja ákvarðana sem eru gerðar á sama sýni, samtímis eða án þess að hlé verði á milli, af sama greinanda og við sams konar skilyrði, má ekki vera meiri en 1,0% af hreinu meðaltali.

## AÐFERÐ 9

### ÁKVÖRDUN SÚLFATÖSKU

1. **Umfang og gildissvið**

Með þessari aðferð má ákvarða sulfatösku í:

- glúkósasírópi,
- þurrkuðu glúkósasírópi,
- einvötnuðum dextrósa,
- vatnsfirrtum dextrósa.

2. **Skilgreining**

„Ákvörðun sulfatösku“: Magn sulfatösku eins og það er ákvarðað með tilgreindri aðferð.

3. **Meginregla**

Afgangsmassi prófskammts er ákvarðaður eftir brennslu í oxandi umhverfi við 525°C með brennisteinssýru og reiknaður út sem hundradshluti af massa sýnisins.

4. **Hvarfefni**

- 4.1. *Þynnt brennisteinssýrulausn*: 100 ml af hreinni brennisteinssýru ( $\rho_{20} = 1,84$  g/ml; 96% m/m) er bætt hægt og gætilega út í 300 ml af vatni.

5. **Búnaður**

- 5.1. *Rafmagnsbrennsluofn*, með glóðhitamæli, sem þolir  $525 \pm 25^\circ\text{C}$ .
- 5.2. *Fínvog*, með 0,1 mg nákvæmni.
- 5.3. *Brennsludeiglu* af hentugri stærð úr platínium eða kvarsí.
- 5.4. *Þurrkari*, með nývirkjuðu kísilhlaupi eða sambærilegu rakadrægu efni og rakamæli.

6. **Vinnuaðferð**

Deigla (5.3) er hituð að öskustigi, látin kólna í þurrkara og vegin. 5 g af glúkósasírópi eða þurrkuðu glúkósasírópi eða 10 g af einvötnuðum eða vatnsfirrtum dextrósa eru vegin í deigluna með 0,1 mg nákvæmni.

5 ml af brennisteinssýrulausn (4.1) (sjá aths. 8.1) er bætt út í og sýnið í deiglunni hitað vandlega á eldi eða hitaplötu uns það er fullkomlega kolað. Þessi kolun, þegar gufur eru brenndar úr sýninu (sjá aths. 8.2), ætti að fara fram í stinkskáp.

Deiglan (5.3) er sett í brennsluofninn (5.1) og hituð í  $525 \pm 25^\circ\text{C}$  þar til myndast hefur hvít aska. Þetta tekur yfirleitt tvo tíma (sjá aths. 8.3).

Sýnið er látið kólna í hér um bil 30 mínútur í þurrkara (5.4) og síðan vegið.

## 7. Framsetning niðurstaðna

### 7.1. Formúla og reikniaðferð

Súlfatöskuinnehaldið, reiknað sem hundradshluti af massa greiningarsýnisins, er sett fram sem:

$$S = \frac{m_1}{m_0} \times 100$$

þar sem

$m_1$  = massi öskunnar, í grömmum,

$m_0$  = massi prófskammtsins, í grömmum.

### 7.2. Endurtekningarrhæfni

Munur á niðurstöðum tveggja ákvarðana sem eru gerðar á sama sýni, samtímis eða án þess að hlé verði á milli, af sama greinanda og við sams konar skilyrði, má ekki vera meiri en 2% af hreinu meðaltali.

## 8. Athugasemdir

8.1. Brennisteinssýrunni skal bætt við í smáskömmtum til að koma í veg fyrir of mikla froðumyndun.

8.2. Við fyrstu kolunina verður að gæta þess sérstaklega að ekki verði tap á sýni eða ösku vegna of mikillar þenslu efnisins.

8.3. Ef örðugt reynist að kola sýnið fullkomlega (ef svartar agnir verða til dæmis eftir) skal taka deigluna úr brennsluofninum, láta hana kólna og væta afgangsefnin með nokkrum vatnsdropum áður en hún er sett aftur í ofninn.

## ADFERÐ 10

### ÁKVÖRÐUN Á SKAUTUN

#### 1. Umfang og gildissvið

Með þessari aðferð er unnt að ákvarða skautun í:

- hálfhvítum sykri,
- sykri eða hvítsykri,
- fínhreinsuðum sykri.

#### 2. Skilgreining

Skautunin er snúningur skautflatar skautaðs ljóss fyrir áhrif sykurlausnar sem inniheldur 26 g af sykri í hverjum 100 ml og er höfð í 200 mm löngu röri.

#### 3. Meginregla

Skautunin er ákvörðuð með súkrósamæli eða ljósvendimæli samkvæmt því sem segir í aðferðinni hér á eftir.

#### 4. Hvarfefni

##### 4.1. Vökvi til að gera lausn tæra: basísk blýasetatlausn.

560 g af þurri basískri blýasetatlausn er bætt út um 1 000 ml af nýsoðnu vatni. Blandan er soðin í 30 mínútur og látin standa yfir nótt.

Efsta vökvalaginu er hellt af og þynnt með nýsoðnu vatni til að fá lausn með styrkinn 1,25 g/ml, við  $20^\circ\text{C}$ .

Lausnin má ekki komast í snertingu við loft.

##### 4.2. Díetýleter.

**5. Búnaður**

- 5.1. *Súkrósamælir stilltur á eðlilega þyngd súkrósa, 26 g, eða ljósvendimælir.*  
Tækið verður að hafa í herbergi þar sem hægt er að halda hitanum nálægt 20°C. Það skal kvarðað með venjulegum kvarsplötum.
- 5.2. *Ljósgejafi*, með natríumgufulampa.
- 5.3. *Ljósvendimælirör*; lengd 200 mm; skekkja má ekki vera meiri en  $\pm 0,02$  mm.
- 5.4. *Fínvog*, með 0,1 mg nákvæmni.
- 5.5. *Sérkvarðaðar 100 ml mælikolbur*. Kolbur sem rúma 100,00  $\pm$  0,01 ml má nota án leiðréttingar. Ef kolburnar rúma minna eða meira skal leiðrétta þær fyrir 100 ml.
- 5.6. *Vatnsbað*, stillt með hitastilli á 20  $\pm$  0, 1°C.

**6. Vinnuaðferð**

- 6.1. *Undirbúningur lausnarinnar*  
26  $\pm$  0,002 g af sýninu eru vegin eins fljótt og hægt er og flutt magnbundið í 100 ml mælikolbu (5.5) sem í eru um það bil 60 ml af vatni.  
Leyst er upp án hitunar með því að hrista kolbuna.  
Ef nauðsynlegt er að gera lausnina tæra skal bæta við 0,5 ml af blýasetat-hvarfefni (4.1).  
Lausninni er blandað með því að snúa kolbunni og þvo veggj hennar uns magnið er um það 10 mm neðan við mark.  
Kolban er sett í vatnsbaðið (5.6) við 20  $\pm$  0, 1°C og höfð þar uns hitinn á sykurlausninni er orðinn stöðugur. Loftbólum sem myndast á yfirborði vökvans er eytt með dropa af díetýleter (4.2).  
Fyllt er upp að marki með vatni.  
Blandað er vandlega með því að hvöfva kolbunni minnst þrisvar sinnum. Látið standa í fimm mínútur.
- 6.2. *Skautun*  
Hitanum skal haldið við 20  $\pm$  1°C við þær aðgerðir sem eftir eru.
- 6.2.1. Tækið er núllstillt.
- 6.2.2. Sýnið er síað gegnum síupappír. Fyrstu 10 ml síuvökvans er fleygt. Næstu 50 ml er haldið eftir.
- 6.2.3. Ljósvendimælirörin eru skoluð tvisvar með sýnislusninni sem á að skoða (6.2.2)  
Rörið er fyllt varlega með sýnislusninni sem á að skoða og er 20  $\pm$  0, 1°C heit.  
Fjarlægja skal allar loftbólur þegar lokinu er komið fyrir. Fyllt rörið skal setja í grind tækisins.
- 6.2.4. Snúningurinn er lesinn með nákvæmni upp á 0,05°S eða 0,02 bogagráður. Lesið er af fimm sinnum. Tekið er meðaltal aflestranna fimm.

**7. Framsetning niðurstaðna**

- 7.1. *Formúla og reikniáferð*  
Niðurstöðurnar eru settar fram í S-gráðum með 0,1°S nákvæmni. Eftirfarandi formúla gildir um umreikning frá gráðum ljósvendimælis yfir í gráður súkrósamælis:

$$^{\circ}\text{S} = \text{bogagráða} \times 2,889$$

- 7.2. *Endurtekningarrhæfni*  
Munur á niðurstöðum tveggja ákvarðana sem eru gerðar á sama sýni, samtímis eða án þess að hlé verði á milli, af sama greinanda og við sams konar skilyrði, og eru meðaltal fimm aflestra, má ekki fara yfir 0, 1°S.